

*Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis dags. 2. maí 2014 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld. Þess er óskað að umsögnin berist fyrir lok 5. maí n.k.*

Bæjarráð Vestmannaeyja lýsir yfir miklum áhyggjum með fyrirhuguð veiðigjöld. Í ljósi þeirrar staðreyndar að veiðigjöld og skerðingar á sjávarútvegsfyrirtækin í sveitarfélaginu eru gríðarleg, stendur bæjarráð við fyrri umsagnir. Því til stuðnings er bent á úttektir á áhrifum á sveitarfélagið sem ítrekað hafa verið sendar inn til atvinnuveganefndar, m.a. í apríl 2012. Frumvarpið, í óbreyttri mynd, felur í sér þungar álögur á sjávarútvegsfyrirtækin í Vestmannaeyjum og kemur til með að hafa veruleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins líkt og áðurgreind fyrirtæki. Að leggja á svo há veiðigjöld, ásamt skerðingu í potta, hefur mikil áhrif á tekjur sveitarsjóðs í formi skerts útsvars og skertra tekna af hafnargjöldum. Bæjarráð hefur miklar áhyggjur af því að veiðigjöldin muni hafa veruleg áhrif á fjárfestingar og framkvæmdir á vegum greinarinnar hér í sveitarfélaginu, ásamt tilflutningi á störfum milli landssvæða. Þessu fyrirkomulagi mótmælir bæjarráð Vestmannaeyja og hvetur núverandi stjórnvöld til að endurskoða fyrirhuguð veiðigjöld með það að markmiði að jafnræðis sé gætt milli fyrirtækja og samsetningu aflategunda. Bæjarráð Vestmannaeyja hefur á liðnum árum hvatt til þess að farin verði sáttaleið milli stjórnvalda og sjávarútvegsins og komið á hóflegu veiðigjaldi sem taki mið af afkomu atvinnuvegarins hverju sinni. Með því sé sjávarútvegi á Íslandi sköpuð skilyrði til að vaxa og dafna landi og þjóð til heilla.

Bæjarráð harmar sérstaklega samráðsleysi og þann stutta fyrirvara sem gefinn er til umsagnar um frumvarpið. Vinnubrögðin eru óvönduð, þeim fylgja litlar upplýsingar og nánast engir útreikningar á forsendum álagningarinnar né áhrifum gjaldtökunnar fyrir fyrirtækin. Þrátt fyrir fögur fyrirheit núverandi ríkisstjórnar liggur nú fyrir að Vestmannaeyjar, Fjarðabyggð og fl. sveitarfélög þurfa nú að há sama bardagann við nýjan mótherja.

Jórunn Einarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég tek ekki afstöðu til umsagnar bæjarráðs að svo stöddu. Ég vil kynna mér hana betur þar sem hún barst ekki með útsendum gögnum. Afstaða mín kemur fram í bæjarstjórn.